



# Orlofsreikningur

Landsbankinn hf. | Nr. 1537-01 | Mars 2020

## Stofnun

- » Orlofsreikningur er verðtryggður innlánsreikningur, sbr. reglur Seðlabanka Íslands nr. 877/2018 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, með síðari breytingum.
- » Orlofsreikningur er stofnaður að beiðni launagreiðanda í nafni launþega til viðtöku og vörslu orlofslauna í samræmi við 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof.
- » Samhliða stofnun orlofsreiknings skráir bankinn reikning launþega, samkvæmt upplýsingum frá launagreiðanda, sem notaður er til viðtöku orlofslauna.
- » Launagreiðandi ber ábyrgð á að vinnsla og miðlun persónuupplýsinga um launþega samræmist lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. að fræða launþega um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við stofnun orlofsreiknings.

## Binditími

- » Innstæða er bundin til 10. maí ár hvert.
- » Í lögum nr. 30/1987 um orlof er kveðið á um greiðslu orlofslauna utan orlofstímabils.

## Innborgun

- » Landsbankinn ber ekki ábyrgð á innheimtu orlofslauna.

## Ávöxtun

- » Um verðbætur gilda ákvæði reglna Seðlabanka Íslands nr. 877/2018.
- » Innborganir bera vexti frá og með næsta degi eftir að fjármunirnir eru lagðir inn. Dagurinn fyrir úttekt er síðasti vaxtadagur úttekinnar fjárhæðar.
- » Vextir eru breytilegir í samræmi við vaxtaákvörðun Landsbankans á hverjum tíma. Vextir eru birtir í vaxtatöflu bankans sem er aðgengileg á vef bankans.

## Útborgun

- » Vextir eru reiknaðir, fjármagnstekjuskattur dreginn af innstæðunni og innstæðan færð af orlofsreikningi inn á reikning launþega þann 10. maí ár hvert.
- » Þegar engin innstæða er á orlofsreikningi og hann hefur staðið óhreyfður í 18 mánuði er hann eyðilagður.

## Aðrir skilmálar

- » Að öðru leyti gilda lög nr. 30/1987 um orlof og *Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans*.